

FUNDARGERÐ

338. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB) vék af fundi undir lið 6b, Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er Helgi Hlynur Ásgrímsson fjarverandi.

Gestir á fundinum: Védís V. Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#1-5).

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF (#1-4).

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Mengun í neysluvatni á Seyðisfirði
- 2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi við Djúpavog, tillögur að framhaldi
- 3 Neysluvatnsöflun fyrir Djúpavog, virkjun og aðveita
- 4 Neysluvatnsöflun á Fljótsdalshéraði
- 5 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref
- 6 Innkomin erindi
 - a. Sóknarnefnd Eiðakirkju
 - b. Kári Jónasson
- 7 Viðskiptakröfur HEF
- 8 Verkefni í gangi / áætlanir
- 9 Bíll keyptur
- 10 Starfsmannamál
- 11 Önnur mál
 - a. Kornþurrkun á Héraði
 - b. Leiðrétting eignaskráningar
 - c. Tillaga um tækjakaup

1 Mengun í neysluvatni á Seyðisfirði

Þriðjudagsmorgunin 23. apríl barst mengun inn í vatnslagnir við Strandarveg frá Bræðslunni. Vinna var í gangi við löndun og svifagnir og fita úr fitugildru dældist inn á kerfi HEF. Málið fréttist í gegnum kvörtun frá íbúa á þriðjudagsmorgni. Fleiri kvartanir bárust um kvöldið. Kerfi sem veitan notar til að senda SMS á íbúa virkaði ekki sem skyldi og sendi ekki boðin. HAUST var látið vita af stöðunni á miðvikudeginum og voru að fyrirmælum þeirra gefin út tilmæli um að sjóða þyrfti allt neysluvatn við Strandarveg. Sýnatökur HAUST á föstudegi 26. apríl leiddu í ljós að mengunin var bundin við Strandarveg en sýndu jafnframt mikla gerlamengun á því svæði. Sýni sem tekin voru fimmtudaginn 2. maí leiddu í ljós verulega minnkandi mengun og er óhætt að drekka vatnið fyrir heilbrigða, viðkvæmum er enn bent á að sjóða vatn. Sýni voru tekin í dag, 7. maí og munum við og HAUST fylgjast áfram með vatnsgæðum. Þegar hefur verið gripið til ráðstafana til að verja veituna til að sambærilegt atvik geti ekki orðið aftur.

Von er á skýrslu um atvikið frá Bræðslunni.

2 Jarðhitaleit á Búlandsnesi við Djúpavog, tillögur að framhaldi

Næsta skref í jarðhitaleit við Djúpavog er að fá mælingabíl ÍSOR til okkar og mynda og mæla holur. Það gefur okkur gögn um legu hola, hita, legu sprunga og fleira sem getur hjálpað okkur að svara því hvað ekki gekk eins og ætlað var og að ákveða næstu skref. Í framhaldinu má skoða að fá bortæki sem nú er á Héraði í minniháttar borverkefni til könnunar eða staðsetja næstu tilraunavinnsluholu.

3 Neysluvatnsöflun fyrir Djúpavog, virkjun og aðveita

Borhola DPV-32 gefur um það bil 12 l/s og seinni holan, DPV-33, gefur ívið meira. Samtals gefa þær 20-30 l/s. Núverandi þörf bæjarins er undir 7 l/s, þannig að hvor hola fyrir sig getur auðveldlega annað þörf veitunnar.

Hola DPV-32 kemur mjög vel út varðandi vatnsgæði, þó sýrustigið sé hátt. Seinni holan stenst kröfur við hóflega dælingu.

Grófhönnun lagnaleiðarinnar er lokið. Leyfisferlið er hafið, og eru umsagnir í vinnslu hjá Hafrannsóknarstofnun, Minjastofnun og stjórn Teigarhorns. Nýtingarleyfi til Orkustofnunar er í vinnslu. Leyfi til framkvæmda á friðlandi er í ferli hjá Umhverfisstofnun. Hluti af þeirri umsókn er gróftur heimtaugar frá RARIK, en umsókn um heimtaug verður kláruð þegar orkuþörf er ljós. Ríkiseignir (landeigandi) og Múlaþing taka við málinu þegar öll önnur leyfi liggja fyrir .

Hugmyndir eru uppi um að virkja núverandi sjálfrennsli úr lóni ofan af Búlandsdal, þegar vatnsbólið þar verður aflagt. Virkjun þessi myndi ekki raska neinu umfram það sem hlýst af framkvæmdum við neysluvatnsöflunina, og nýtir þegar byggða innviði. Unnið er að mati á hagkvæmni hugmyndarinnar.

4 Neysluvatnsöflun á Fljótsdalshéraði

Það vantar vatn á nokkra staði á Héraði, þar með talið á Iðavöllum, Brúarási og Eiðum.

Á Iðavöllum er vatnsbólið ekki í lagi og þarf að skipta því út. Þar stendur valið á milli þess að bora eða nýta borholu á Strönd. Þörfin er brýn.

Á Brúarási keppast neysluvatn og varmadæla um sama takmarkaða vatnið, úr tveimur borholum. Þörfin er ekki eins brýn en er vissulega til staðar.

Á Eiðum má sjá fyrir að auka þurfi afkastagetu vatnsbólsins, með komandi uppbyggingu á svæðinu næstu þrjú til fimm árin. Þörfin í sumar er ekki brýn, en eitthvað sem þarf að taka til skoðunar.

Stjórn samþykkir að verkefnið verði unnin áfram.

5 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref

Vinnuhópur, sem samanstendur af stjórnarmönnum, Aðalsteini og Védísi, og var settur á laggirnar eftir síðasta stjórnarfund, hittist 24. apríl síðastliðinn og fór yfir þá valmöguleika sem hafa verið greindir. Í kjölfarið voru þeir kynntir bæjarstjóra og fjármálastjóra Múlaþings mánudaginn 29. apríl. Þrjú rekstrarform voru skoðuð, þ.e. miðlæg varmadæla, varmadæla í hvert hús eða blönduð leið, sem felur í sér að hluti af dreifikerfinu verði haldið gangandi.

Sverleiki lagna dreifikerfisins ber ekki minna hitafall (delta T) en 35-40°C, líkt og er núna, og því er einungis hægt að nota varmadælu með CO₂ kælimiðli til að hita upp vatnið, því hefðbundnar loft-í-vatn varmadælu þola ekki nema 10°C hitafall. Til að þetta gangi með hefðbundinni varmadælu og núverandi dreifikerfi þarf því að hækka framrásarhitastig veitunnar með rafhitun eða t.d. viðarperlum. Þetta þarf að skoða nánar, til að greina miðlæga valkostinn betur. Fyrir aðra valmöguleika yrði dreifikerfið ekki endurnýjað, nema að hluta, og því ekki þörf á nánari athugun í þeim tilfellum.

Næstu skref eru að ná betri sýn á framtíðar raforkuverð fyrir fjarvarmaveitur, taka samtal við Orkustofnun um fjármögnunarmöguleika og taka málið fyrir aftur áður en það fer í kynningu til íbúa.

6 Innkomin erindi

a. Sóknarnefnd Eiðakirkju

Sóknarnefnd tilkynnir með erindi sínu, dags. 25. apríl að hún hafi fallið frá umsókn sinni um hitaveitutengingu í Eiðakirkju. Stjórn bendir á að í samræmi við umsókn um tengingu hafi heimlögn verði lögð inn í aðstöðuhús við kirkjuna.

b. Kári Jónasson

Fyrir fundinum liggur erindi frá Kára Jónassyni, Brekkubrún, dags. 28. apríl 2024. Stjórn samþykkir beiðni Kára um að heimæðargjald hitaveitu miðist við gjaldskrá 2023.

Ágústa Björnsdóttir yfirgaf fundinn undir þessum dagskrárlið.

7 Viðskiptakröfur HEF

Fyrir fundinum liggur samantekt og greining á viðskiptamannakröfum félagsins. Stjórn samþykkir að kröfur eldri en 5 ára verði færðar úr bókhaldi félagsins í samræmi við fyrirliggjandi greinargerð. Áður hefur verið niðurfært fyrir kröfunum í ársreikningum félagsins.

Samþykkt samhljóða

8 Verkefni í gangi / áætlanir

Fráveita á Djúpavogi:

Tilboð bárust frá þremur verktökum í fráveituframkvæmdir á Djúpavogi. Tilboð voru opnuð 11. apríl. Austurverk bauð lægst, kr. 49.931.644. ÞS verktakar og SG vélar buðu einnig.

Kostnaðaráætlun verkkaupa var kr. 67.310.500. Samningur var undirritaður 29. apríl. Verktaki hefur þegar hafið vinnu við verkið og stefnir á að ljúka framkvæmdum fyrir lok júlí 2024.

9 Bíll keyptur

Framkvæmdastjóri festi kaup á nýinnfluttum bíl frá Danmörku, VW Transporter 4x4. Árgerð 2018, ekinn 57þkm. Bílnum er ætlað að mæta brýnni þörf fyrir endurnýjun Isuzu palljeppa sem kominn er til ára sinna og bíður nú þess að metið verði hvort borgi sig að gera við nýjustu vélarbilunina.

10 Starfsmannamál

Auglýst var eftir mönnum til framtíðar- og sumarstarfa. 2 sumarstarfsmenn hafa verið ráðnir.

Viðræður enn í gangi við umsækjendur um framtíðarstarf. Enginn iðnmenntaður sótti um starf.

11 Önnur mál

a. Kornþurrkun á Héraði

Fulltrúi kornbænda á Héraði hafði samband við framkvæmdastjóra fyrir stuttu til að kanna möguleg kaup á heitu vatni til kornþurrkunar. Orkunotkun yrði að mestu leyti í september og október ár hvert. Stjórn fagnar fyrirspurninni og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og finna heppilegan stað m.t.t. afkastagetu dreifikerfis hitaveitunnar.

b. Leiðrétting eignaskráningar

Við kaup HEF veitna í kjölfar sameiningar í Múlaþing voru framkvæmdir hitaveitu á Djúpavogi eignfærðar á vatnsveitu Djúpavogs, sem varð til þess að (fyrir mistök) framkvæmdirnar voru

færðar á Vatnsveitu HEF. Bókfært virði þessara framkvæmda 31.12.2023 var um 14,9 milljónir kr. Framkvæmdastjóra falið að færa framkvæmdirnar, sem í bókhaldi eru nú eignaðar vatnsveitu, á hitaveitu frá 1.1.2024.

c. Tillaga um tækjakaup

HÓB leggur til að alvarlega verði skoðað að félagið fjárfesti í dróna með innrauðri myndavél til að nota við ýmsa greiningarvinnu, jarðhitaleit, lekaleit í veitukerfum o.fl. Framkvæmdastjóra falið að skoða möguleg kaup.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:40

Fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.